

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) fyrir árið 2025, var haldinn mánudaginn 23. mars 2026 kl. 17:00 í Háteigi á Grand Hótel Reykjavík. Fundurinn var jafnframt aðgengilegur í útsendingu gegnum streymi á heimasíðu sjóðsins, www.live.is.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Helgu Melkorku Óttarsdóttur, lögmann, sem fundarstjóra og að Oliver Ómarsson, lögmaður hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt af fundarmönnum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur 28. febrúar í Morgunblaðinu. Þá voru aðrar auglýsingar birtar síðar um aðalfundinn í dagblöðum og á vef sjóðsins. Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmaetan.

Því næst var gerð grein fyrir dagskrá fundarins og í kjölfarið var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslu stjórnar er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2025, ásamt því gerði hann grein fyrir tryggingafræðilegri athugun og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2026. Einnig gerði hann grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs. Yfirferð framkvæmdastjóra er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

Yfirlit yfir stjórnarmenn sem tilnefndir hafa verið til setu í stjórn LV skv. gr. 5.1. og 5.2. í samþykktum LV:

Tilnefning Félags atvinnurekenda:

- Aðalmaður
 - Guðrún Ragna Garðarsdóttir, tilnefnd 2026 til 2028
- Varamaður
 - Páll Rúnar M. Kristjánsson, tilnefndur 2026 til 2028

Tilnefning Samtaka atvinnulífsins:

- Aðalmenn
 - Jón Ólafur Halldórsson, tilnefndur 2026 til 2028
 - Páll Ásgrímsson, tilnefndur 2025 til 2027
 - Sigrún Helgadóttir, tilnefnd 2025 til 2027
- Varamenn
 - Bjarni Már Gylfason, tilnefndur 2026 til 2028

Tilnefning VR:

- Aðalmenn
 - Arnar Guðmundsson, tilnefndur 2026 til 2030
 - Drífa Snædal, tilnefnd 2026 til 2030

- Guðmunda Ólafsdóttir, tilnefnd 2024 til 2028
- Stefán Sveinbjörnsson, tilnefndur 2024 til 2028
- Varamaður
 - Ólafur Reimar Gunnarsson, tilnefndur 2026 til 2030

3. Kynning á fjárfestingarstefnu LV og hluthafastefnu

Arne Vagn Olsen, forstöðumaður eignastýringarsviðs sjóðsins, gerði grein fyrir ávöxtun á árinu 2025. Þá fór hann yfir fjárfestingastefnu sjóðsins og helstu breytingar á henni fyrir árið 2026. Einnig fór Arne Vagn yfir hluthafastefnu sjóðsins. Yfirferð hans er að finna í fylgiriti með fundargerðinni. Fjárfestingarstefnuna og hluthafastefnuna má finna á vef sjóðsins, live.is.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

4. Starfskjarastefna

Fundarstjóri gerði grein fyrir starfskjarastefnu lífeyrissjóðsins, sem er óbreytt frá fyrra ári. Starfskjarastefnuna er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs. Starfskjarastefnan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Hún var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

5. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 5.17 í samþykktum sjóðsins stendur, á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins. Þar sem valið var í nefndina á síðasta ári er hún óbreytt frá fyrra ári.

Tilnefningar:

- Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar LV, án tilnefningar
- Margrét K. Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR
- Jónas Yngvi Ásgrímsson, tilnefndur af VR

Varamenn:

- Anna Kristín Kristjánsdóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda
- Harpa Sævarsdóttir, tilnefnd af VR

6. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Svanhildur Þórsteinsdóttir, nefndarmaður, gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum:

Lagt var til að laun stjórnarmanna hækki um 3,5% og verði eftirfarandi:

- Laun formanns verða kr. 497.863 á mánuði, hækka úr kr. 481.027.
- Laun varaformanns verða kr. 373.397 á mánuði, hækka úr kr. 360.770.
- Laun aðalmanns verða 248.931 á mánuði, hækka úr kr. 240.513.

Lagt var til að laun fyrir setu í undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd hækki um sömu hlutfallstölu.

- Laun endurskoðunarnefndar hafa verið greidd í einni árlegri greiðslu en nú er lagt til að greiðslur verði mánaðarlega.
- Lagt er til að þau taki sömu breytingum og stjórnarlaun, þ.e. 3,5%
- Laun formanns verða kr. 156.397, en þau voru áður kr. 151.108.
- Laun annarra nefndarmanna verða 78.198, en voru áður kr. 75.554.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillaga stjórnar um endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki

Stjórn lagði til að Hrafnhildur Helgadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf., verði endurskoðandi LV.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráðið og var hún samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

8. Samþykktabreytingar

Tómas N. Möller forstöðumaður lögfræðisviðs sjóðsins fór yfir tillögur að samþykktabreytingum. Samþykktabreytingarnar er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

Opnað var fyrir umræður um ofangreindan lið á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin til atkvæða fyrir fulltrúaráð. Tillagan var samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

9. Erindi – fyrirtækjapjónusta

Jenný Ýr Jóhannsdóttir, viðskiptastjóri fyrirtækjapjónustu LV, flutti erindi um fyrirtækjapjónustu sjóðsins. Í kynningunni fór hún yfir af hverju við fórum að bjóða upp á fyrirtækjapjónustu, hvernig sjóðurinn sér fyrir sér að nálgast fyrirtæki og hvað við höfum verið að gera í þessum efnum.

Erindi um fyrirtækjapjónustu er að finna í fylgiriti með fundargerðinni.

10. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um önnur mál.

Halla Gunnarsdóttir, stjórnarformaður VR, tók til máls og pakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund. Halla taldi erindi fundarins um fyrirtækjapjónustu mjög gott en vildi nefna tvö atriði. Annars vegar er að það eru laun starfsmanna sem samið er um að gangi í lífeyrissjóði og hins vegar að mikilvægt er að hafa í huga hvað lífeyrissjóðir gera fyrir samfélagið. Lífeyrissjóðakerfið sem hefur verið byggt upp hér á landi og samtryggingin er grunnur að því að við séum öll í þessu saman. Lendum við þannig ekki í sömu vandræðum og þjóðir þar sem eru eingöngu gegnumstreymis sjóðir, t.d. þegar kemur að öldrun þjóðar.

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar sjóðsins tók næst til máls og þakkaði Höllu fyrir innleggið og Jenný sömuleiðis fyrir frábært erindi um þetta mikilvæga mál. Jón Ólafur tók undir með Höllu um að framlagi í lífeyrissjóði er hluti af launum og samið um þetta á vettvangi kjarasamninga. Jón Ólafur ræddi einnig um þær krefjandi aðstæður sem sjóðurinn bjó við á síðasta rekstrarári og einnig á þessu ári. Þakkaði hann starfsfólki sjóðsins fyrir gott starf.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá og undirrita fundargerð fundarins.

Fundi slitið kl. 17:59.

Helga Melkorka Óttarsdóttir
Fundarstjóri

Oliver Ómarsson
Fundarritari